




Reykjavíkurborg
Velferðarsvið



Ársskýrsla

Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

2011

Efnisyfirlit

Ávarp sviðsstjóra	4
Director's Address	5
Skipurit Velferðarsviðs	6
Velferðarráð Reykjavíkurborgar	7
Barnaverndarnefnd Reykjavíkurborgar	8
Nýmæli	9
Rannsóknir, úttektir og verkefni	12
Chief Innovations	14
Research	17
Mannfjöldi í hverfum Reykjavíkur	19
Þjónusta	21
Fjárhagsaðstoð	23
Átaksverkefni	28
Húsnæði	29
Ráðgjöf og sérfræðiþjónusta	40
Barnavernd Reykjavíkur	43
Starfsemi vegna barna og unglunga	48
Þjónusta við fólk í heimahúsum	52
Fjármál	61
Helstu lykiltölur	62

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

Ábyrgðarmaður: Hulda Dóra Styrmisdóttir

Hönnun og umbrot: Biggarnir

Ljósmyndir: Elfa Björk Ellertsdóttir, Birgir Þ. Jóakimsson og fleiri

Prófarkalestur og þýðing: Helga Soffía Einarsdóttir

Ljósmyndir í skýrslunni eru af styttnum í Reykjavík.

Forsíðumyndin, er af styttunni BÆN eftir Einar Jónsson

sem stendur fyrir framan Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili.



Ársskýrsla

Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

2011

Ávarp sviðsstjóra

Árið 2011 var ár mikilla breytinga á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar. 1.janúar var þjónusta við fatlað fólk flutt frá ríki til sveitarfélaga og hafði það í för með sér mikla aukningu á umfangi þjónustu og rekstri sviðsins. Vegna efnahagsástandsins fjölgaði einnig notendum margra helstu þjónustupátta Velferðarsviðs áfram, svo sem þjónustu er varðar félagslega ráðgjöf, fjárhagsaðstoð og húsnæðisaðstoð.

Við flutning á þjónustu við fatlað fólk frá ríki færðist þjónusta við 1035 notendur, 40 starfseiningar og 546 starfsmenn í 329 stöðugildum til Reykjavíkurborgar. Yfirfærslan fól m.a. í sér að Reykjavíkurborg myndaði eitt þjónustusvæði með Seltjarnarnesbæ hvað varðar þjónustu við fatlað fólk. Þjónustunotendur Velferðarsviðs voru því alls 20.301 á árinu, fjárhagsrammi var 10,6 milljarðar og starfsstaðir eru nú yfir hundrað, þar af yfir 70 sem veita sólarhringsþjónustu. Starfsmenn voru um 2200 í um 1350 stöðugildum. Auk hinna fjölmörgu daglegu úrlausnarefna sem fylgja flutningi á svo umfangsmikilli og viðkvæmri þjónustu, var unnið mikið verk á árinu við að móta verklag og starfsaðferðir og samþætta þjónustuna annarri þjónustu sem fyrir var á Velferðarsviði.

Margvísleg álitamál komu upp við samþættingu þjónustu við fatlað fólk annarri þjónustu á sviðinu og fjölmörg óleyst mál tengdust fjárhagslegu skipulagi yfirfærslunnar. Handtökin voru ófá og vinnustundirnar margar. Með sameiginlegu átaki starfsmanna sem fluttust yfir og starfsmanna sem fyrir voru tókst með miklu ágætum að tryggja að ekki yrði rask á þjónustu við notendur. Framundan er hins vegar flókið og umfangsmikið verkefni, en það er að tryggja áframhaldandi þróun og uppbyggingu þjónustunnar. Þarfirnar eru miklar og kröfur og væntingar til þjónustunnar eru aðrar nú en fyrir tíu eða jafnvel fimm árum síðan.

Til viðbótar við hið gríðarstóra úrlausnarefni sem yfirfærsla þjónustu við fatlað fólk var, jókst þjónusta í kjölfar efnahagshruns enn frekar. Notendum fjárhagsaðstoðar sveitarfélagsins fjölgaði enn, og jókst fjöldi notenda um 12,3% á árinu. Á milli árána 2009 og 2011 fjölgaði notendum fjárhagsaðstoðar um meira en þriðjung. Um 2,4 milljarðar króna voru greiddir í fjárhagsaðstoð á árinu 2011 og var það 22% aukning frá árinu áður. Á milli árána 2009 og 2011 jókst greidd fjárhagsaðstoð um tæp 51%. Mikil áhersla var lögð á að fjölga þeim leiðum sem notendum fjárhagsaðstoðar stendur til boða til að viðhalda virkni sinni og starfshæfni, auk þess sem undirbúningur hófst á árinu að stofnun Atvinnutorgs fyrir ungt fólk sem aðstoðar fólk við að finna vinnu eða úrræði við hæfi. Þótt atvinnuástandið í Reykjavík hafi skánað nokkuð á árinu, voru 5887 Reykvíkingar án atvinnu í lok árs og er þá taldir bæði þeir sem fá atvinnuleysisbætur hjá Vinnuálastofnun og þeir sem skráðir eru atvinnulausir án bótaréttar við greiðslu fjárhagsaðstoðar borgarinnar. Alls var atvinnuleysi í Reykjavík 8,8% í lok desember, sem var talsvert betra en í upphafi árs þegar það fór hæst í 10,1% í mars.

Sem fyrr er atvinnuleysi í Reykjavík hærra en landsmeðaltalið. Notendum sem fá húsaleigubætur fjölgaði einnig, og var rúm 12% aukning á fjölda þeirra sem fengu sérstakar húsaleigubætur á almennum markaði. Starfsfólk Velferðarsviðs vann á árinu enn á ný þrekvirki í störfum sínum, bæði í því að takast á við ný verkefni og að mæta áframhaldandi aukningu á þjónustu sviðsins.



Mörg önnur mikilvæg verkefni voru unnin á árinu á stóru sviði. Meðal þeirra má nefna að mjög vel tókst til við sameiningu heimahjúkrunar og félagslegrar heimþjónustu í hverfi Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis. Árið 2011 fengu 1662 heimili í hverfi Laugardals og Háaleitis félagslega dag-, kvöld- og helgarþjónustu, en það er 43% af veittri heimþjónustu í borginni. Árið 2011 fengu 903 einstaklingar hjúkrunarþjónustu í Laugardal og Háaleiti en það er 41% af veittri heimahjúkrun í borginni. Framundan er áframhaldandi sameining félagslegrar heimþjónustu og heimahjúkrunar í öðrum hverfum borgarinnar. Áfram var hugað sérstaklega að utangarðsfólki og áhersla lögð á þróun þjónustu við þann hóp.

Stuðningur við barnafjölskyldur er ofarlega á verkefnalista Velferðarsviðs og á árinu fóru af stað ýmis verkefni til að styðja enn betur við börn og fjölskyldur í hverfum borgarinnar. Þjónusta Barnaverndar er mikilvægur þáttur í þjónustu Reykjavíkurborgar en á árinu fjölgaði nokkuð þeim börnum sem tilkynnt var um.

Síðastliðin ár hafa verið viðburðarík í starfsemi Velferðarsviðs. Enn og aftur ber að þakka þeim öflugum hópi starfsmanna á hinum fjölmörgu starfsstöðvum sviðsins sem dag hvern, og sums staðar allan sólarhringinn, veita íbúum borgarinnar þjónustu. Íbúar geta m.a. þurft þjónustu vegna félags- eða fjárhagslegra erfiðleika, öldrunar, fötlunar, veikinda eða vímuefnavanda.

Velferðarþjónusta Reykjavíkurborgar er í stöðugri þróun og mótnun svo hægt sé að mæta sibreytilegum þörfum samtímans. Vaxandi áhersla er lögð á samstarf og samráð við notendur þjónustunnar. Velferðarþjónusta er þess eðlis að alltaf er hægt að gera betur, en Velferðarsvið hefur á að skipa stórum og öflugum hópi starfsfólks með mikinn metnað til að gera betur í dag enn í gær.

Stella K. Viðisdóttir
sviðsstjóri Velferðarsviðs

Director's Address – Annual Report 2011

The year 2011 was a year of great change for the Department of Welfare. On the 1st of January, services to persons with disabilities were transferred from the State to the municipalities, and this entailed a great increase in the operations of the Department and the extent of the services provided. Due to the financial crisis, the number of users increased in many of the Department's main service sectors, such as services relating to social counselling, financial support, and assistance with housing.

With the transfer of services to persons with disabilities the City took over services for 1035 people, 40 work units, and 546 employees in 329 full-time positions. A joint service area with the town of Seltjarnarnes regarding services with persons with disabilities was established in the wake of the transfer of these services from the State. The total number of users of services provided by the Department of Welfare was 20,301 this year, and the financial budget was 10.6 billion. Work places are now over one hundred, and over 70 of those offer services around the clock. There were 2200 employees in 1350 full-time positions. In addition to the numerous day-to-day problems and procedures that come with transferring such extensive and delicate services, the Department took on a momentous task of forming procedures and practices, and integrating these services with the existing services provided by the Department of Welfare.

Various issues arose around the integration of services to persons with disabilities to the Department's other services, and several unresolved issues remain regarding the financial side of the transfer. The tasks were abundant and the work hours countless. With a combined effort of the employees who were transferred and the staff on hand, the transition went smoothly with regard to the services to the clients. Now, however, we have a complex and extensive project on our hands, which is to ensure the continued development and expansion of these services. The need is great and demands and expectations are different from what they were ten, or even just five years ago.

In addition to this mammoth task of transferring services to persons with disabilities from the State to the City, the need for service increased even more in the wake of the financial crisis. The number of people needing financial support from the City increased once more, and grew by a total of 12.3% this year. Between 2009 and 2011 the number of people receiving financial support increased by more than a third. Around 2.4 billion ISK went into financial support in 2011, and that was a 22% increase from the year before. Between 2009 and 2011, financial support increased by 51%. Great emphasis was placed on finding ways for those receiving financial support to maintain functionality and ability, and preparations started on establishing a job centre for young people that will help people find employment or other fitting resources. Even though the situation on the job market eased a bit in Reykjavik this year, 5887 people

were unemployed in the city at the end of the year, counting both those who receive unemployment benefits from the Directorate of Labour and those who are registered as unemployed but do not have the right to benefits. The unemployment rate in Reykjavik at the end of December was 8.8%, which is considerably better than in the first months of the year, such as in March when it was as high as 10.1%. Like the years before, the unemployment rate in Reykjavik was higher than the mean average for the country. The number of people receiving rent benefits also increased, and there was roughly a 12% increase in the number of those receiving special rent benefits on the open market. Once again the Department's employees accomplished great feats in their work, both by taking on new assignments and by meeting the constant increase in services provided by the Department.

Many other important projects were accomplished this year. One of the Department's successful tasks was merging home nursing and social home services in the district of Laugardalur – Háaleiti. In 2011, social day, night, and weekend services were extended to 1662 homes in the district, amounting to 43% of all home services in the city. This same year, 903 individuals in the district received home nursing, which is 41% of all home nursing provided by the city. Further merging of social home services and home nursing is planned for other districts.

The Department continued to work with homeless people and placed emphasis on developing services to this group. Supporting families with children is a priority for the Department, and in 2011 various new projects were launched to lend support to children and their families throughout the city. The Child Protection Services, plays a significant role in Reykjavik's services, and unfortunately even though there was decrease in reported cases, the number of children involved grew.


The past years have been eventful for the Department's operations. Once again I would like to use this opportunity to thank the very capable group of people who work in our several sectors, and who each and every day, and often around the clock, offer services to people in the city who need them, due to social, or financial difficulties, age, disability, illness, or drug and/or alcohol problems.

The Department of Welfare's services are in constant development in order to meet the ever-changing needs of modern life. Increased focus is on collaboration and cooperation with the users of the services. Welfare services can always be improved and the Department has a large, competent and ambitious team of people working hard upwards and onwards.

Stella K. Viðisdóttir

Director of the Department of Welfare

Skipurit Velferðarsviðs



Skipurit í lok árs 2011

Hlutverk Velferðarsviðs

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar fer með ábyrgð á velferðarþjónustu borgarinnar, þ.m.t. félagsþjónustu, þjónustu við fatlað fólk og barnavernd. Í því felst stefnumótun í velferðarmálum, áætlanagerð, samþætting velferðarþjónustu, eftirlit í samræmi við lög, reglur, samþykktir og pólitíska stefnu í velferðarmálum, mat á árangri, þróun nýrra úrræða og leiða og loks gerð þjónustusamninga við þriðja aðila um framkvæmd þjónustu. Velferðarsvið vinnur með velferðarráði og barnaverndarnefnd.

Framkvæmd velferðarþjónustu fer fram á þjónustumiðstöðvum í hverfum borgarinnar, hjá Barnavernd Reykjavíkur og hjá Heimþjónustu Reykjavíkur.

Þjónustumiðstöðvar eru sex og sinna þjónustu við einstaklinga og fjölskyldur, félagsráðgjöf, sálfræðiþjónustu, sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla, frístundaráðgjöf og almennri upplýsingagjöf um starfsemi og þjónustu Reykjavíkurborgar. Á þjónustumiðstöðvum fer fram þverfaglegt samstarf þar sem lögð er áhersla á samþætta nærþjónustu. Þær bera jafnframt ábyrgð á framkvæmd forvarnastefnu borgarinnar, samþættingu margvíslegrar þjónustu og vinnu með hverfaráðum.

Velferðarsvið sér einnig um rekstur hjúkrunarheimila, húsnæðisúrræða og átaksverkefna á sviði endurhæfingar og sviðið ber ábyrgð á heildstæðu forvarnastarfi í Reykjavík.

Velferðarráð Reykjavíkurborgar



Á árinu 2011 hélt velferðarráð 25 fundi.

Í velferðarráði sátu eftirtaldir fulltrúar:

Björk Vilhelmsdóttir formaður
Elsa Hrafnhildur Yeoman
Ágúst Már Garðarsson
Bjarni Karlsson
Áslaug María Friðriksdóttir
Geir Sveinsson
Þorleifur Gunnlaugsson

Breytingar á skipan fulltrúa:

Heiða Kristín Helgadóttir tók sæti Ágústs Más Garðarssonar 16. febrúar
Diljá Ámundadóttir tók sæti Elsu Hrafnhildar Yeoman 6. september

Varamenn:

Heiða Kristín Helgadóttir
Haukur Jóhannsson
Hanna Lára Steinsson
Lárus R. Haraldsson
Jórunn Frímannsdóttir
Sveinn Hlífar Skúlason
Elín Sigurðardóttir

Breytingar á skipan varamanna:

Bjarnveig Magnúsdóttir tók sæti Heiðu Kristínar Helgadóttur 16. febrúar.
Ingibjörg Guðmundsdóttir tók sæti Hönnu Láru Steinsson 3. maí.

Starfsmenn Velferðarsviðs sem sátu fundi:

Stella K. Víðisdóttir sviðsstjóri
Ellý A. Þorsteinsdóttir skrifstofustjóri
Hörður Hilmarsson skrifstofustjóri
Hulda Dóra Styrmisdóttir skrifstofustjóri
Helga Jóna Benediktsdóttir lögfræðingur
Auk ofantaldra sitja framkvæmdastjórar þjónustumiðstöðvanna fundina til skiptis og inn á fundi koma sérfræðingar sviðsins með kynningar á ólíkum verkefnum sviðsins.

Barnaverndarnefnd Reykjavíkurborgar

Á árinu 2011 hélt barnaverndarnefnd 26 fundi. Að auki var haldinn einn sameiginlegur fundur velferðarráðs og barnaverndarnefndar.

Í barnaverndarnefnd sátu eftirtaldir fulltrúar:

Sandra Hlíf Ocares formaður
Halldór Frímannsson
Kolbrún Baldursdóttir
Þórir Hrafn Gunnarsson
Guðlaug Magnúsdóttir

Varamenn:

Svanhvít Axelsdóttir
Katrín Helga Hallgrímsdóttir
Guðrún Ögmundsdóttir
Guðni Kristinsson
Haustið 2011 tók Andri Óttarsson
sæti Halldórs Frímannssonar

Starfsmenn Velferðarsviðs sem sátu fundi:

Framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur sat fundi nefndarinnar auk lögfræðings Barnaverndar Reykjavíkur og ritara.

Verkaskipting milli velferðarráðs Reykjavíkurborgar og barnaverndarnefndar Reykjavíkur vegna málefna barna

Fyrir liggja samþykktir fyrir velferðarráð Reykjavíkurborgar frá 7. júní 2005 og barnaverndarnefnd Reykjavíkur frá 20. desember 2005. Barnaverndarnefnd markar stefnu og gerir framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar að höfðu samráði við velferðarráð. Reglur um verkaskiptingu milli velferðarráðs og barnaverndarnefndar Reykjavíkur voru samþykktar árið 2004, samkvæmt heimild barnaverndarlaga nr. 80/2002 og heimild laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Verkaskiptingin er eftirfarandi:

Velferðarráð Reykjavíkur:

- Stefnumótun og uppbygging úrræða
- Rannsóknir og kannanir
- Almennt eftirlit með aðbúnaði og vinnu barna

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur:

- Eftirlit með aðbúnaði, hátterni og uppeldisskilyrðum barna
- Tekur við barnaverndartilkynningum, annast og ber ábyrgð á málsmeðferð og beitir viðeigandi úrræðum samkvæmt barnaverndarlögum
- Eftirlit með heimilum og stofnunum
- Önnur verkefni sem barnaverndarnefndum eru falin lögum samkvæmt hverju sinni





Þjónusta Velferðarsviðs er í stöðugri þróun. Vandlega er fylgst með þörfum notenda þjónustunnar og hvað má betur gera til að koma til móts við þá sem fá þjónustu sviðsins. Á hverju ári eru því ýmis nýmæli í starfsemi sviðsins.

Yfirfærsla á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til Reykjavíkurborgar

Yfirfærslan var eitt veigamesta verkefni sviðsins á árinu 2011. Hinn 1. janúar færðist þjónusta við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga með breytingu á lögum um málefni fatlaðs fólks. Alls færðust 40 starfseiningar og 546 starfsmenn í 329 stöðugildum frá ríki til Reykjavíkurborgar 1. janúar 2011 og þar með þjónusta við 1035 notendur. Ber Velferðarsvið nú ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þessarar þjónustu. Reykjavíkurborg tók einnig yfir þjónustusamning ríkisins við Ás styrktarfélag sem rekur nú sambýli og fimm starfseiningar þar sem boðið er upp á verndaða vinnu, hæfingu og/eða dagþjónustu. Framkvæmd þjónustunnar er í hverfum borgarinnar, móttaka og mat umsókna er í höndum þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar. Við yfirfærsluna myndaði Reykjavíkurborg einnig sameiginlegt þjónustusvæði með Seltjarnarnesbæ. Þjónusturáð hefur verið skipað til þess að framfylgja samningnum og er Vesturgarður, þjónustumiðstöð Vesturbæjar, tengiliður við Seltjarnarnesbæ.

Borgarstjórn samþykkti 18. janúar 2011 framtíðarsýn í þjónustu við fatlað fólk í Reykjavík sem unnin var í samstarfi við hagsmunasamtök og var Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hafður að leiðarljósi. Í framtíðarsýn kemur meðal annars fram að margbreytilegum þörfum borgarbúa verði mætt með sveigjanlegri og einstaklingsmiðaðri þjónustu sem veitt er af ábyrgð, virðingu og fagmennsku. Aðgengi að þjónustu verði tryggt í nánasta umhverfi borgarbúa. Jafnræði í þjónustu verði einnig tryggt og víðtækt samráð haft við notendur, hagsmunasamtök, starfsfólk og háskólasamfélagið um þróun þjónustunnar. Borgarbúar sem þurfi aðstoð í daglegu lífi hafi val um hvernig aðstoðinni við þá er háttað og unnið verði að þróun notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar.

Hinn 19. september 2011 var haldinn sameiginlegur starfsdagur notenda, aðstandenda, stjórnenda, lykilstarfsmanna og borgarfulltrúa undir yfirskriftinni „Þróun þjónustu við fatlað fólk á þjónustusvæði Reykjavíkurborgar og Seltjarnarnesbæjar, næstu skref.“ Markmið dagsins var að hefja undirbúning stefnumörkunar í þjónustu til næstu ára. Með yfirfærslunni urðu miklar breytingar í rekstri þjónustumiðstöðva Velferðarsviðs þar sem starfsmönnum og starfseiningum í hverfum fjölgaði verulega. Sem dæmi má nefna að starfsmönnum fjölgaði úr tæplega 100 í 350 í þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjálarness, en Miðgarður tók við rekstri sjö sambýla og sex skammtímavistana.

Búsetuendurhæfing fyrir geðfatlaða

Velferðarsvið opnaði nýtt búsetuendurhæfingarheimili fyrir geðfatlaða einstaklinga í október. Um er að ræða samskonar búsetuendurhæfingu og er á Gunnarsbraut þar sem unnið er eftir VSL-aðferðafræði sem byggist á virkni, stuðningi og lausnarmiðun. Í nýja úrræðinu geta átta einstaklingar í einu fengið búsetuendurhæfingu. Misjafnt er í hversu langan tíma einstaklingar þurfa endurhæfingu en það getur verið frá 12 mánuðum upp í 2-3 ár. Með opnun þessa þjónustuúrræðis er rými fyrir 17 einstaklinga hverju sinni í búsetuendurhæfingu.

Sambætting heimaþjónustu og heimahjúkrunar

Á árinu 2011 var stigið stórt skref í sambættingu heimaþjónustu í Reykjavík þegar sameinuð var öll heimaþjónusta í Laugardal og Háaleiti, bæði félagsleg heimaþjónusta, kvöld- og helgarþjónusta og heimahjúkrun. Sambætt þjónusta nær til 1500 notenda sem 150 starfsmenn sinna, en það er þriðjungur þeirra sem fá heimaþjónustu í Reykjavík. Markmiðið með þessari breytingu er að bæta þjónustu við þá sem mesta aðstoð þurfa, aðstoða þá við að njóta meiri lífsgæða og gera þeim kleift að lifa sjálfstæðu lífi í heimahúsi eins lengi og kostur er. Ný þjónusta – „Heimaþjónusta Laugardals/Háaleitis“ tók til starfa 1.mars 2011 og hefur aðsetur í þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis að Síðumúla 39.

Miðgarður – nýtt húsnæði þjónustu- miðstöðvar Grafarvogs og Kjalarness

Á árinu flutti þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness, Miðgarður, í nýtt húsnæði í Gylfaflöt 5. Með flutningum batnaði bæði starfsaðstaða starfsmanna og aðgengi notenda að þjónustunni. Miðgarður hafði starfað í 15 ár í Langarima 21.

Efling á ráðgjöf og stuðning við 15-18 ára ungmenni

Verkefnið ÁFRAM er samvinnuverkefni þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis, Háaleitisskóla, Laugalækjarskóla, Fjölbautarskólans við Ármúla og Frístundamiðstöðvarinnar Kringlumýrar um aukna ráðgjöf og stuðning við 15-18 ára ungmenni.

Megináherslan er á að veita ungmennum ráðgjöf og stuðning sem viðheldur virkni í námi og daglegu lífi. Leiðarljósið er að koma til móts við þarfir einstaklingsins hverju sinni og stuðla að því að honum takist að fóta sig á nýjum vettvangi og ná markmiðum sínum. Samvinnan tekur mið af aðstæðum einstaklingsins hverju sinni og nær því yfir allt árið. Samstarfsaðilarnir gera með sér samning sem felur í sér áætlun um markmið og stuðning og leiðir að þeim.

Efling stuðningsþjónustu við börn og barnafjölskyldur

Verkefnið ÁTAK felur í sér markvissa samvinnu þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis og heimilis og skóla um bættu skólasókn og ástundun nemenda. Um er að ræða öfluga tímabundna ráðgjöf og stuðningsþjónustu fyrir nemendur og foreldra. Megináherslan er lögð á að veita börnum og foreldrum ráðgjöf og stuðning til að bæta skólasókn og ástundun í námi. Samvinnan tekur mið af aðstæðum fjölskyldnanna sem í hlut eiga og er haft að leiðarljósi að þörfum barns og foreldra sé mætt til að ná settum markmiðum. Nemandinn setur sér markmið í upphafi ÁTAKS og foreldrar fá uppeldisráðgjöf og stuðning.

Efling stuðningsþjónustu fyrir fullorðna

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis hefur verið unnið að þróun sértækrar stuðningsþjónustu í málum þar sem félagslegar aðstæður eru flóknar og þar sem hefðbundin úrræði hafa ekki mætt þörfum einstaklingsins. Áhersla er lögð á að stuðla að aukinni virkni, velferð og vellíðan einstaklinga í daglegu lífi. Til að skapa farveg breytinga er sett upp þjónusta þar sem öflugur og markviss stuðningur er veittur í afmarkaðan tíma. Þjónustan er einstaklingsmiðuð og notendur fá stuðning við að yfirstíga hindranir sem hafa áhrif á færni þeirra til að takast á við ýmis verkefni í daglegu lífi. Þannig er stuðlað að aukinni virkni og lífsgæðum einstaklinga og fjölskyldna með hjálp til sjálfshjálpar. Ávinningurinn er sá að með aukinni virkni og samfélagsþátttöku einstaklingsins minnkar þörf fyrir þjónustu.

Bústólpi – Stuðningur til notenda vegna fjármála

Á árinu 2011 var boðið upp á nýtt námskeið til viðbótar við önnur úrræði í Miðgarði. Þetta er fjármálanámskeið sem heitir Bústólpi. Þörfin var skýr bæði vegna þrenginga í samfélaginu og fjölgunar í lágtekjuhópum, þ.e. atvinnuleysisbótaþega og í hópi þeirra sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu. Á árinu voru haldin tvö námskeið og almenn ánægja ríkti meðal þátttakenda.

Færanlegri ráðgjöf

Félagsráðgjafar í þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða hafa í mörg ár veitt svokallaða færanlega félagslega ráðgjöf, þar sem félagsráðgjafarnir heimsækja notendur þjónustunnar í stað þess að notendur komi á þjónustumiðstöðina. Árið 2011 var bætt við færanlegri félagslegri ráðgjöf inn í Kvennaathvarfið, í samvinnu við þjónustumiðstöð Breiðholts. Tveir félagsráðgjafar, einn frá hvorri þjónustumiðstöð, sinna þessari ráðgjöf aðra hverja viku.

Móttaka flóttafólks

Í lok desember 2010 tók Reykjavíkurborg í þriðja sinn á móti hópi flóttafólks og var verkstjórnin í annað sinn í höndum þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða, en þjónustumiðstöðin er þekkingarstöð í fjölmenningu. Þegar ríkisstjórnin hefur ákveðið að tekið skuli á móti hópi flóttafólks er slík móttaka samstarfsverkefni velferðarráðuneytisins, Rauða kross Íslands og þess sveitarfélags, sem tekið hefur að sér móttöku flóttamanna. Sveitarfélagið hefur umsjón með daglegri framkvæmd verkefnisins sem stendur í eitt ár frá komudegi hópsins. Fyrst og fremst er um að ræða aðstoð við að laga sig að íslensku samfélagi, menningu, menntastofnunum, heilbrigðisstofnunum o.s.frv., en einnig félagslega aðstoð, aðstoð með húsnæði, vinnu eða nám. Auk verkefnisstjórans sinntu tveir félagsráðgjafar á þjónustumiðstöðinni faglegri vinnu með flóttafólki.

Orkan, virkniverkefni

Árið 2011 var í fyrsta sinn boðið upp á „Orkuna“, virkni-verkefni í umsjón þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða, fyrir 18 til 24 ára einstaklinga í atvinnuleit. Þannig eiga atvinnulausir einstaklingar á þessum aldri greiðari aðgang að virkniráðgjöfum og eru í reglulegu og föstu sambandi við þá. Mikil ánægja var með verkefnið.

Kennurum kennt PALS

Á árinu 2011 stýrði kennsluráðgjöf þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða, svokallaðri PALS (Peer-Assisted Learning Strategies) þjálfun kennara í 19 íslenskum grunnskólum, þ.a. fimm grunnskólum í Reykjavík. PALS hefur verið þýtt á íslensku sem „Þör að læra saman“ og er markmiðið að gefa kennurum kost á að þjálfu alla nemendur bekkjarins samtímis í lestri eða stærðfræði með jafningjamiðaðri nálgun (félagakennslu).



Pólska töluð hjá Miðborg/Hlíðum og Breiðholti

Á árinu 2011 var ráðinn þjónustufulltrúi sem hefur pólsku að móðurmáli á þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíðar. Þar var þegar starfandi þjónustufulltrúi sem hefur spænsku að móðurmáli. Í þjónustuhverfi Miðborgar og Hlíða búa hlutfallslega flestir íbúar sem hafa annað móðurmál en íslensku. Á árinu var einnig starfandi pólskumælandi þjónustufulltrúi í Breiðholti.

Vesturbæjarvinir

Forvarnarverkefni gegn brottfalli úr framhaldsskóla, atvinnuleysi og félagslegri einangrun, var sett á laggirnar af þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Vesturgarði, í samstarfi við Hagaskóla og Frostaskjól. Tveir starfsmenn voru ráðnir til verkefnisins og komu þeir fram undir heitinu Vesturbæjarvinir. Auk þess að vera tengiliðir milli námsráðgjafa, frístundaleiðbeinenda, fagfólks þjónustumiðstöðvar og foreldra var verkefnið Vesturbæjarvinir tækifæri til að svara aukinni þörf fyrir stuðning við nemendur sem taldir voru í brottfallshættu af náms- eða félagslegum ástæðum. Einnig var markmiðið að brúa bilið milli grunnskóla, framhaldsskóla og atvinnulífs. Lögð var áhersla á að byggja upp nemandann, sjálfstraust hans og sjálfspekkingu. Reynt var að efla samfélagslega þátttöku og þekkingu auk þess að leggja áherslu á að virkja styrkleika hvers og eins. Samskipti við nemendur fóru fram í einkaviðtölum, vikulegum hóptímum og minni hópviðtölum auk rafrænna samskipta.

Skimun eftir ofbeldi

Á þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts hefur verið lögð áhersla á að finna þolendur og gerendur ofbeldis m.a. með því að ráðgjafar spyrja notendur beint hvort þeir hafi orðið fyrir og/eða hvort þeir hafi beitt ofbeldi. Haldin er skrá yfir m.a. kyn þess sem varð fyrir brotinu, aldur þegar brot var framið, tíðni, tegund ofbeldis og hver framdi ofbeldið. Verklagið felur í sér að viðeigandi aðstoð sé veitt hið allra fyrsta. Markmið ÞÁG með skimun eftir ofbeldi er að veita notendum betri þjónustu auk þess sem betri mynd fæst af umfangi vandans.

Staða eldri íbúa í Árbæ og Grafarholti

Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts lét gera rannsókn sumarið 2011 á stöðu íbúa í Árbæ og Grafarholti 80 ára og eldri. Markmið rannsóknarinnar var að kynnast félagslegri og heilsufarslegri stöðu íbúa hverfisins, sem náð höfðu 80 ára aldri og bjuggu heima. Farið var í heimsókn til þeirra sem fengu litla sem enga þjónustu frá þjónustumiðstöðinni. Helstu niðurstöður voru þær að flestir þátttakendur mátu heilsufar sitt gott eða mjög gott, langflestir fengu stuðning fjölskyldu sinnar og flestir sögðust vera sáttir við líf sitt og aðstæður. Einhverjir voru þó í þörf fyrir þjónustu og sóttu um hana í kjölfar heimsóknarinnar.

Flestir þeirra sem höfðu þörf fyrir þjónustu nefndu aðstoð við þrif og auðheyrt var að þeir vissu að hægt væri að fá aðstoð. Allir þátttakendur gátu hugsað sér að fá reglubundna heimsókn frá starfsmanni þjónustumiðstöðvarinnar því flestir voru sér meðvitandi um að þegar á níræðisaldurinn er komið getur heilsu hrakað hratt.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna fram á mikilvægi „heilsueflandi heimsókna“ og að þær ættu að ná til fleiri þátttakenda en þeirra sem fá litla eða enga þjónustu. Heimsóknirnar mætti víkka út þannig að kannað yrði hvort hinir öldruðu (80 ára og eldri) fái þá þjónustu sem þeir þurfa og hvað mætti betur fara í þeirri þjónustu sem þegar er veitt. Markmiðið er að stuðla að búsetu á eigin heimili eins lengi og kostur er.

Heilsueflandi heimsóknir í Laugardalshverfi

Voru af sama meiði og í Árbæ og snerust um að bjóða hópi eldri borgara innan hverfisins upp á heimsóknir í þeim tilgangi að kynna fyrir þeim þjónustu sem í boði er hjá Reykjavíkurborg. Tilgangur heimsóknanna var að auka öryggiskennd og vitneskju eldri borgara um þjónustuna, en einnig að afla upplýsinga um hópinn. Helstu niðurstöður bentu til þess að 19% þeirra sem þáðu heimsókn hefðu þörf fyrir þjónustu. Einnig kom í ljós að 73% þátttakenda sögðu líkamlega heilsu sína annaðhvort góða eða mjög góða og mikill meirihluti var fær um að sjá um öll almenn heimilisstörf. Það sem kom einna helst á óvart var að 87% þátttakenda sögðu fjárhagsstöðu sína góða. Jákvaett verður að teljast hversu margir þeirra sem bauðst heimsókn töldu stöðu sína það góða að heimsóknar væri ekki þörf.

Rannsóknir, úttektir og verkefni

Rannsókn á liðan atvinnuleitenda

Niðurstöður úr rannsókn, sem unnin var með styrk úr Nýsköpunarsjóði 2011 sýna að liðan og staða atvinnuleitenda sem fengu fjárhagsaðstoð var verri en almennings. Þá var tíðni þunglyndis, líkamlegra vandamála, kvíða og athyglisbrests hjá atvinnuleitendum sem fengu fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg ólík eftir aldri og var tilhneiging til þess að atvinnuleitendur sem voru yngri en 30 ára ættu við meiri vanda að stríða. Auk þess höfðu atvinnuleitendur sem sótt höfðu námskeiðið Virkni til velferðar færri kvíðaeinkennum og einkennum sem bentu til áfallastreituröskunar en atvinnuleitendur sem ekki höfðu sótt námskeiðið.

Matstæki í þjónustu við fatlað fólk

Í janúar 2011 voru málefni fatlaðs fólks færð frá ríki yfir til sveitarfélaga. Í tilefni þess var ákveðið á skrifstofu Velferðarsviðs að þróa nýtt matstæki til að meta þjónustuþyngd og rekstrarkostnað þjónustuúrræða fyrir fatlað fólk. Rannsakað var hvort ekki mætti nota matstæki við gerð áætlana um þjónustu og rekstur búsetuúrræða fyrir fatlað fólk. Niðurstöður rannsóknarinnar gáfu til kynna að það væri vel til þess fallið. Í þeim kom fram hvar frávik voru mest þegar kom að tengslum þjónustuþyngdar notenda og rekstrarkostnaðar þjónustuúrræða. Einnig var gerður samanburður á nýja mælitæki og þeim mælitækjum sem áður höfðu verið notuð til að meta þjónustuþörf. Fylgni var í flestum tilfellum góð og matstækið reyndist einfalt í notkun til þess að meta þörf einstaklinga sem búa við fötlun fyrir þjónustu og stuðning í daglegu lífi.

Rannsókn meðal pólskra borgarbúa sem hafa fengið þjónustu hjá þjónustumiðstöðvum Reykjavíkur.

Megintilgangur rannsóknarinnar var að öðlast þekkingu á viðhorfum pólskra borgarbúa til þjónustu Reykjavíkurborgar. Þekking af því tagi er forsenda þess að Reykjavíkurborg geti bætt þjónustu sína, ekki síst við barnafjölskyldur af erlendum uppruna, s.s í skólakerfinu, velferðarþjónustu, tómstundum og félagasamtökum. Helsta niðurstaða rannsóknarinnar var sú að auðvelt aðgengi að þjónustunni er fólk afar mikilvægt, ekki síst vegna þess að misvísandi upplýsingar geta orðið til þess að einstaklingum finnist sem þeim sé mismunað. Í niðurstöðum kom fram að upplýsingar virðast ekki komast til skila til pólskra borgarbúa. Með öflugri og aðgengilegri upplýsingagjöf mætti auka ánægju pólskra borgarbúa með þjónustu hjá Reykjavíkurborg.

Grettistak

Úttekt var gerð á Grettistaki, átaksverkefni fyrir utan-garðsfólk. Hún var í formi viðtala og einnig voru fyrirbyggjandi skráð gögn skoðuð. Tekið var mið af reynslu og sjónarmiðum þátttakenda sem höfðu lokið 18 mánaða endurhæfingu og hafið þátttöku í eftirfylgd úrræðisins. Niðurstöður gefa til kynna að þátttakendur hafi nýtt sér Grettistak vel og að þeir hafi aukið færni sína til að takast á við nám, vinnu og/ eða önnur nytsöm störf. Jafnvægi og geta til ástundunnar

óx jafnt og þétt hjá þátttakendum og stuðningur hafði úrslitaáhrif í því samhengi. Í dag telja þau sig vera tilbúin til að takast á við nám og vinnu. Að sögn þátttakenda var það mikilvægt tækifæri að fá inngöngu í Grettistak og töldu þeir það auka batamöguleika sína og lífsgæði. Allir þátttakendur í úttektinni höfðu verið án neyslu áfengis og annarra vímuefna lengur en 12 mánuði og sumir lengur en þrjú ár. Flest þeirra stunduðu reglulega fundi hjá AA-samtökunum sem var að þeirra mati nauðsynlegt til að lifa án neyslu vímuefna.

Úttekt á úrræðum fyrir 18 ára börn sem hafa notið stuðnings Barnaverndar

Úttekt var gerð á þörf á áframhaldandi stuðningi og úrræðum fyrir 18 ára börn sem hafa notið stuðnings og úrræða Barnaverndar Reykjavíkur (BR). Greind voru gögn 207 barna fæddra 1992 og út júlí 1993. Af þeim voru 80 börn, 49 drengir og 31 stúlka, sem fóru í fóstur eða voru vistuð á vegum BR. Í flestum tilfellum var máli barns lokað hjá BR þegar það var orðið 18 ára en í 19 tilfellum var þeim hins vegar vísað til þjónustumiðstöðva í þeirra hverfi. Níu börn bjuggu ennþá hjá fósturforeldrum eða á vistheimili eftir að þau urðu 18 ára. Algengasta ástæða fyrir vistun eða fóstri var vegna geðrænna vandamála foreldra, vímuefnanotkunar foreldra, vanrækslu foreldra eða hegðunarerfiðleika barns. Flest áttu við fjölþættan vanda að stríða, fjórir af níu áttu við vímuefnavanda að stríða. Fjögur af níu börnum höfðu enga greiningu. Af þeim sem höfðu greiningu voru sértækir námsörðugleikar algengasta greiningin eða í fimm tilvikum. Einnig voru skoðuð gögn er varða notendur sem fengu áframhaldandi stuðning árið 2010. Árið 2010 voru 18 börn, átta stúlkur og 10 drengir með stuðning og úrræði frá BR og öll nema eitt voru áfram í fóstri eða vistun á stofnun. Aðeins fimm af 18 áttu ekki við fjölþættan vanda að stríða. Af 18 börnum voru níu börn með meðlag vegna menntunar og voru fimm af þeim í námi sem gekk vel. Þrír voru með meðlag/barnalífeyri vegna fjölþættra vandamála, fjögur voru á meðferðarstofnun vegna vímuefnavanda og eitt í eftirmeðferð vegna vímuefnavanda á göngudeild. Samtals fimm börn með vímuefnavanda. Eitt barn var í sálfræðimeðferð, en var hvorki í fóstri né vistun. Fjölþætt úrræði voru nýtt til úrlausnar vegna vanda barnanna eða 30 mismunandi úrræði.

Úttekt á högum notenda fjárhagsaðstoðar

Úttekt á högum notenda fjárhagsaðstoðar var gerð til að greina stöðu þeirra sem höfðu verið lengur en sex mánuði notendur fjárhagsaðstoðar til framfærslu. Í júní 2011 höfðu 712 einstaklingar þegið fjárhagsaðstoð til framfærslu að hluta eða að fullu síðast liðna sex mánuði og var tilviljunarúrtak 323 úr þeim hópi. Reynt var að varpa ljósi á skráningu hvað varðar þætti eins og greiningar á geðrænum þáttum, upplýsingar um líkamlegan vanda, vanda vegna neyslu áfengis og/eða annarra vímuefna, hvenær notendur voru síðast í vinnu og hvers vegna þeir voru ekki í vinnu. Konur voru 42,1% af notendum en karlar 57,9%. Niðurstöður sýndu að rúmur helmingur notenda kom í fyrsta sinn að leita fjárhagsaðstoðar til framfærslu eftir efnahagshrunið

eða 55% og flestir komu í fyrsta sinn árið 2010 eða 26% af heildarfjölda. Flestir voru á aldrinum 26-35 ára eða 32,80%. Þar á eftir var algengast að notendur væru á aldrinum 18-25 ára eða 29,1%. Flestir notendur voru skráðir í leiguhúsnæði á frjálsum markaði eða 41,2%. Nokkuð margir dvelja hjá öðrum eða 13% og 6,2% voru skráð húsnæðislaus. Flestir höfðu grunnskólamenntun eða 42,4%, nokkuð margir höfðu hafið nám að loknum grunnskóla eða 28,2% en ekki lokið því. Flestir voru ekki í vinnu vegna slæms líkamlegs og andlegs ástands eða 31,6%. Þeir notendur sem gátu ekki stundað vinnu vegna neyslu áfengis og annarra vímuefna voru 21,4% af úrtakinu. Af þeim sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu höfðu 123 einstaklingar framvísað læknisvottorði og við greiningu á gögnunum kom fram að 74 af þeim sem voru með læknisvottorð áttu við áfengisvanda að stríða eða 60,2% og 69 áttu við annan vímuefnavanda að stríða eða 56,1%. Fjölmörgum úrræðum hefur verið beitt til að sinna þörfum notenda varðandi virkni.

Jákvætt viðhorf til heimahjúkrunar

Könnun sem kanna átti viðhorf notenda til Heimaþjónustu Reykjavíkur og var framkvæmd í lok árs 2011 sýnir að yfir 90% þeirra sem fá heimahjúkrun eru ánægðir með þjónustuna. Misjafnt var hve oft einstaklinga var vitjað, eða allt frá einu sinni í viku til þrisvar á hverjum sólarhring en yfir 90% töldu sig fá þá aðstoð sem þau þurftu og tæplega 87% voru sátt við þann tíma sem þau fengu þjónustuna. Þegar horft var til viðhorfs fólks til þjónustunnar kom einnig fram að yfir 80% töldu heimahjúkrun hafa mikið eða nokkuð um það að segja að viðkomandi gæti dvalið lengur í heimahúsi. Tæplega 40% svarenda nutu aðstoðar ættingja við að svara könnuninni og var það nokkuð meira en í fyrri könnun en að öðru leyti voru niðurstöður svipaðar milli ára en sambærileg könnun var gerð 2009. Það er ánægjuefni að þjónusta heimahjúkrunar komi svo vel út og er markmið Heimaþjónustu Reykjavíkur að svo verði áfram.



Chief Innovations

The services provided by the Department of Welfare are constantly developing. The needs of those using the services are carefully monitored in order to determine which aspects of the services can be improved. That is why there are various innovations in the Department's operations every year.

Services to people with disabilities transferred from the State to the municipalities

One of the Department of Welfare's most extensive projects this year was the transfer of all services to people with disabilities from the State to Reykjavik City. Following amendments to legislation regarding matters of the people with disabilities, services to people with disabilities were transferred from the State to the municipalities on January 1st 2011. In total, 40 work units and 546 employees in 329 job positions were transferred from the State to Reykjavik City in January 2011, which amounts to services to 1035 users. The Department of Welfare is therefore now responsible for the management and implementation of these services. The City also took over the State's service contract with the non-profit organization Ás, which runs nine communal dwellings and five work units offering supervised work, rehabilitation, and/or daycare. The implementation of these services is in the districts; the reception and evaluation of applications are in the hands of the city's service centres. The transfer also resulted in a mutual service area formed by Reykjavik City and the neighbouring town of Seltjarnarnes. A service council was established to implement the contract, and Vesturgarður – the service centre of Vesturbær – acts as liaison to Seltjarnarnes.

On the 18th of January 2011, the City Council agreed on a future plan for services to people with disabilities in Reykjavik, which was a collaborative effort with interested parties, based on the United Nations' charter on the rights of persons with disabilities, and intended to meet the miscellaneous needs of citizens by offering flexible and individually targeted services based on responsibility, respect, and expertise. The plan states that access to these services shall be ensured in the citizens' close vicinity. Furthermore, extensive consultation shall be ensured with users, interested parties, staff, and the academic community on development within the available services. Citizens who need help in their daily life shall have a say in how that help is carried out. The development of user-directed personal assistance will be implemented. A collaborative work meeting was held on the 19th of September 2011 with users, supporters, administrators, key workers, and council representatives, under the heading: "Development of services to people with disabilities in the Reykjavik and Seltjarnarnes service area – next steps." The objective was to commence preparations for policymaking regarding services for the future.

The transfer led to considerable changes in the running of the Department's service centres as employees and work units increased significantly. For instance, employees in Miðgarður, the Grafarvogur – Kjalarnes service centre, went from just under 100 employees to 350, and the centre took over seven communal dwellings and six short-term housing units.

Rehabilitative dwelling for persons with psychosocial disabilities

The Department of Welfare opened a new dwelling for individuals with psychosocial disabilities in October 2011. This is a similar set-up to the house in Gunnarsbraut, which is operated on a methodology based on activity, support and targeting solutions. The new place can house eight individuals at a time, but it may vary greatly how long each individual needs rehabilitation, it can be anything from 12 months to 2-3 years. With this addition to this type of service there is now room for 17 individuals in rehabilitative dwellings in the City.

Integration of home-services and home-nursing

A huge step was taken in 2011 in integrating home-services in Reykjavik when all home-services in Laugardalur and Háaleiti service district, the social home-services, night and weekend services, and home-nursing, was placed under one hat. The integrated service reaches 1500 users, which is a third of all who receive home services in Reykjavik, and is provided by 150 employees. The objective is to improve service to those who need it the most, to assist those individuals to enjoy a better quality of life, and to make it possible for them to live an independent life at home as long as possible. The new service sector – "Home Services for Laugardalur/Háaleiti" – was launched on the 1st of March 2011, and is located in the Laugardalur – Háaleiti service centre in Síðumúli 39.

Miðgarður – new housing for the Grafarvogur – Kjalarnes service centre

Miðgarður, the Grafarvogur – Kjalarnes service centre, relocated to Gylfaflöt 5 in 2011. The new housing provided improved facilities for the staff and better access for those who use the services. Prior to the move to Gylfaflöt, Miðgarður was located at Langirimi 21 for 15 years.

Increasing counsel and support for 15-18 year olds

The ÁFRAM project is a collaborative effort of the Laugardalur – Háaleiti service centre, Háaleitisskóli school, the Comprehensive College at Ármúli, and the Kringlumýri Leisure Centre, and involves increased counsel and support for 15-18 year old youths. The main emphasis is on

offering advice and support to young people to help them to stay active in school, as well as in their day-to-day life. The objective is to meet the needs of each individual and to assist the youths to navigate new grounds and to achieve their goals. The project targets the needs of the individual at each given time, and therefore this service is available year round. The involved parties enter into an agreement setting out a plan for support and goals, and ways to achieve them.

Development of supportive services to children and families with children

The ÁTAK project is a systematic collaboration between the Laugardalur – Háaleiti service centre, families, and schools to improve attendance and performance in schools. The project offers temporary counselling and support to pupils and parents. These services take into account the different conditions and situations of each family, and solutions to achieving set goals are based on the needs of the child and parents in question. The pupil is asked to set goals in the beginning of ÁTAK and parents are offered support and guidance on bringing up children.

Improved supportive services to adults

In the Laugardalur – Háaleiti service centre a particular type of supportive services has been developed with regard to complex social conditions where more conventional methods have not proved sufficient to meet the needs of the individuals in question. The emphasis is on increased functionality and well-being in day-to-day life. A vehicle for change is created by offering effective and systematic support for a limited period of time. This service is tailored to the needs of the individual, and clients are offered support to overcome obstacles affecting their capability to cope with various everyday tasks. This is a way to increase participation and quality of life among individuals and families who need these services, which in turn benefits society as these individuals will have less need for service.

Bústólpi – financial support

Miðgarður offered a new financial course in 2011, called Bústólpi. There was a need for such a course in light of the recession and a rise in the number of low-income individuals, such as people on unemployment benefits and among those that receive financial aid for basic day-to-day expenses. Two of these courses were held this year and they were well received by those who attended.

More mobile counselling

Social counsellors at the Miðborg – Hlíðar service centre have offered mobile counselling for several years now, which involves counsellors calling on clients, instead of clients having to come down to the service centre. In 2011 services were increased to include the Women's crisis center (Kvennaathvarfið). The project is in collaboration with the Breiðholt service centre, offering two counsellors, one from each centre, on call every other week.

Welcoming refugees

Towards the end of December 2010, Reykjavik welcomed a group of refugees for the third time. The Miðborg – Hlíðar service centre managed the arrangements. Once the Government has decided to accept a group of refugees the matter becomes a collaborative project between the Ministry of Welfare, the Icelandic Red Cross, and the municipality in question. The municipality handles day-to-day implementation of the project, which lasts one year from the arrival date of the group. This primarily involves assistance with adjusting to Icelandic society, culture, education and health institutions, etc., but also involves social help, such as with finding housing, work, or schools. In addition to the project manager, two social counsellors with the service centre work with the refugees.

Orkan, participation project

In 2011 a project called Orkan was launched in the Miðborg – Hlíðar service centre, offering solutions for people aged 18-24 who were seeking employment. The aim of this project is to give unemployed, young people better access to activation counsellors, with whom they can be in regular contact. The project proved popular.

Teachers learn PALS

The Miðborg – Hlíðar service centre offered PALS (Peer-Assisted-Learning-Strategies) training to teachers in 19 elementary schools in Iceland, 5 of which are in Reykjavik. The aim with PALS is to give teachers a chance to train all pupils of a class at once in reading or math.

Polish spoken in Miðborg – Hlíðar and Breiðholt service centres

A representative with Polish as a first language was hired in 2011 at the Miðborg – Hlíðar service centre. Beforehand there was a native Spanish speaker working at the centre. This district has the highest percentage of habitants who do not have Icelandic as a first language. Earlier a representative with Polish as a first language was hired in the service centre in Breiðholt.

Vesturbæjarvinir

Vesturbær service centre, in collaboration with Hagaskóli secondary school and Frostaskjól leisure centre, started a project with the objective to take measures against dropping out of school, unemployment and social isolation. Vesturbæjarvinir is the name of the project and it has two members of staff who work as liaisons between school counsellors, guidance instructors in the leisure centres, employees at the service centre, and parents. In addition to this, the project offers a chance to meet the increasing need for support to pupils who are at risk of dropping out of school because of learning difficulties or social conditions. The project is also meant to bridge the gap between secondary school, college, and the job sector. Emphasis is placed on boosting the pupils' self-confidence



and self-knowledge. The pupils were encouraged to take an active part in society, emphasis placed on adding to their knowledge, and working with each individual's strengths. Communication with the pupils took place in private interviews, weekly group sessions, and interviews in smaller groups, in addition to online communications.

Screening for violence

The Árbær – Grafarholt service centre has concentrated on finding victims and perpetrators of acts of violence. One method used is to ask users directly if they have suffered or/and used violence. The service centre keeps records for information, such as the gender and age of the victims, the frequency and type of violence, and profiles of the perpetrators. The procedures are meant to offer relevant assistance as soon as possible. The goal of screening for violence is to come to the aid of the service centre's clients, in addition to gaining overview of the scope of the problem.

Conditions of senior citizens in Árbær and Grafarholt

